



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á þingi Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands  
Hafnarfirði  
27. apríl 2002**

Forystusveit íþróttahreyfingarinnar.

Ágæta íþróttafólk.

Heiðruðu gestir.

Saga Íslendinga á nýliðinni öld er á margan hátt ævintýri líkust. Fátæk og fámenn þjóð fiskimanna og bænda öðlaðist sjálfstæðan sess í samfélagi heimsins, skóp sér lífskjör sem jafnast á við það besta sem þekktist annars staðar í veröldinni, þróaði menningu og listir sem í fyrstu voru einkum á sviði bókmennta, sígildra og nýrra, en blómstruðu síðan í tónlist, myndlist, leiklist og öðrum greinum sem gefa lífinu fegurð og sígildan tón.

Framfarir þjóðarinnar hafa á þessu aldarskeiði verið svo öflugar, víðtækar og litríkar að mörgum góðum gestum sem hingað koma er nánast ofviða að skilja hvernig þetta er hægt - og ekki minnkar undrunin þegar kemur að íþróttunum.

Hvernig hafa Íslendingar, sem aðeins voru um hundrað þúsund á fyrstu áratugum aldarinnar og ríflega fjórðungur milljónar við lok hennar, náð jafn fjölbættum árangri í íþróttum og raun ber vitni, orðið fullgildir þátttakendur á heimsmótum í fjölmörgum greinum?

Við Íslendingar eigum nú nokkra tugi knattspyrnumanna í meistaraliðum víða um Evrópu og gerðum eftirminnilegt jafntefli við heimsmeistarana í fyrsta landsleiknum eftir að bikarinn komst í franskar hendur. Við skákuðum nýverið flestum þjóðum í handbolta og eigum í þeirri grein fjölmarga leikmenn sem náð hafa góðum árangri með erlendum stórliðum; íslenskt afreksfólk í frjálsum íþróttum og sundi kemur heim með verðlaunagripum frá Evrópumótum, heimsmótum og Ólympíuleikum; og í fjölda annarra greina hafa Íslendingar getið sér gott orð á alþjóðlegum völlum þar sem keppnin er hörð.

Sjálfsagt eru skýringarnar bæði margar og breytilegar, ólíkar frá einu tímaskeiði til annars og frá einni íþróttagrein til annarrar - og íþróttafólkið á hér sjálft stærstan hlut, agi þess, atorka, einbeitni og hæfni. Þó er hafið yfir allan vafa að máttur þeirrar hreyfingar sem hér kemur saman til Íþróttapings, fórnfýsi þúsundanna sem í níutíu ár hafa helgað íþróttahreyfingunni krafta sína hafa verið íslensku íþróttalífi einstæður bakhjarl.

Íþróttahreyfingin, landssamböndin og einstök félög, hafa í áratugi verið öflugasti félagsvettvangur landsmanna og skilað þjóðinni því verki sem aldrei verður að fullu þakkað. Vissulega hefur oft verið á brattann að sækja, fjárskortur hamlað för, húsakynni léleg og aðstaða til æfinga og þjálfunar varla bjóðandi, starf sjálfbóðaliða sá bjargvættur sem kom hreyfingunni úr einum áfanga í annan. Slíkir erfiðleikar gleymast þó skjótt á sigurstundum og í dag gleðjumst við yfir glæsilegri aðstöðu sem komið hefur verið upp víða um land, íþróttahúsin eru stolt bæjarbúa, uppeldisstöðvar fyrir heilbrigða æsku og samkomustaðir sem jafnan draga fjöldann að.

Á merku afmælisári er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands öflugra en nokkru sinni og gildi hreyfingarinnar fyrir þjóðina samofið sjálfsvitund og ættjarðarást, meginstoð í trú Íslendinga á eigin getu í upphafi aldar sem efalaust á eftir að breyta heimsmyndinni meira en nokkurn okkar getur grunað. Á umbrotatímum eru samstaða og samkennd besta veganestið og íþróttahreyfingin hefur öðrum fremur tengt þjóðina saman, vakið gleði og stolt á sætum sigurstundum.

Augnablikin þegar íþróttirnar þjappa þjóðinni saman, þegar Vala stökk í fjarlægri álflu eða mörk voru skoruð í Svíþjóð á liðnum vetri, eru vitnisburður um þann einingarmátt sem býr í hreyfingunni. Þessi minnistæðu augnablik verða aldrei fullþökkuð. En þó mætti hafa þau í huga þegar rætt er um framlög þjóðarbúsins til íþróttanna. Sé lítið til þess mikla ávinnings sem þjóðin fær í staðinn í öflugu íþróttalífi eru framlögin aðeins lítið brot. Og þá er ég ekki aðeins að vísa til þeirrar gleði sem sigrarnir vekja heldur umfram allt til heilbrigðis, hollustu og forvarna sem íþróttum fylgja.

Við þekkjum öll sem hér erum samankomin að fjöldi rannsókna hefur sýnt að öflugt íþróttastarf, reglubundnar æfingar og hreyfing koma í veg fyrir að fjölmargir sjúkdómar lami þrótt eða getu, stytta líf eða ræni marga heilsunni langt um aldur fram. Íþróttirnar draga einnig stórlega úr hættunni á að unglingar verði fórnarlömb eiturlyfja og iðkun íþróttá á ungum aldri gefur líkamanum styrk til að verjast veikindum sem kunna að knýja dyra seinna á lífsleiðinni.

Heilbrigðisþjónustan, kostnaðurinn við rekstur sjúkrahúsa og heilsugæslu, meðferðarstofnana og við endurhæfingu, er dýrasti þátturinn í útgjöldum hins opinbera og nemur árlega mörgum tugum milljarða. Því er á margan hátt eðlilegt að þegar verið er að meta hvaða fjármunir skuli renna til íþróttanna sé hafður í huga sá mikli ávinningur sem í þeim felst fyrir heilbrigðiskerfið, hve mikill sá sparnaður er fyrir þjóðarbúið sem fylgir því að fjöldinn temji sér reglubundna hreyfingu og íþróttaiðkan, hver og einn við sitt hæfi, en áfram jafnt og þétt frá ungum aldri til elliára.

Þetta er hið raunverulega samhengi sem leggja ber til grundvallar þegar fjárhagsrammi íþróttanna er borinn saman við önnur útgjöld. Með öflugum íþróttastarfi erum við að forða þjóðinni frá milljarðaútgjöldum í rekstri heilbrigðisstofnana á hverju ári. Þess vegna yrði í rauninni verulegur þjóðhagslegur sparnaður því samfara að verja mun meiri fjármunum til íþróttanna en nú er gert. Okkur er tamt að líta á íþróttastarfið fyrst og fremst sem félagslíf og menningarauka en rannsóknir hafa fært okkur heim sanninn um að íþróttirnar eru líka burðarás í nútímavæddu heilbrigðiskerfi. Fjármunina ætti að meta í samhengi við þennan veruleika.

Ég óska ykkur öllum heilla og árangurs í umræðum og ákvörðunum hér á Íþróttahringi og færi hreyfingunni alúðarþakkir íslenskrar þjóðar fyrir einstakt framlag til heilbrigðis, samstöðu og velgengni í landi okkar.